

Guðmundur Karl Pétursson (1901-1970), yfirlæknir á Akureyri

2020/32

Guðmundur Karl Pétursson fæddist 8. september 1901 á Hallgilsstöðum í Hörgárdal, hann lést 11. maí 1970 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Faðir Guðmundar var Pétur Friðbjörn Jóhannsson f. 22.5.1868, d. 17.12.1971, bóndi. Móðir Guðmundar var Sigríður Soffía Manassesdóttir f. 2.10.1868, d. 15.6.1928, húsfreyja.

Guðmundur varð stúdent 24. júní 1925 með fyrstu einkunn. Hann varð cand.med. frá HÍ 19. júní 1931 með fyrstu ágætiseinkunn, sú hæsta sem tekin hafði verið í HÍ á þeim tíma. 10. nóvember 1936 fékk hann sérfræðingsleyfi í handlækningum. Hann var við nám og störf á nokkrum spítölum í Bandaríkjunum frá október 1943 til mars 1944 og kynnti sér einkum lungnahandlækningar. Einnig sat hann sem fulltrúi Íslands á ársþingi bandarískra herskurðlækna í Filadelfíu október 1943. Auk þessa sótti hann oft lækninganámskeið og þing víða í Evrópu og var duglegur að fylgjast með og lesa sér til um nýjungar.

1931-1932 var hann kandídat á Landspítalanum. 1932-1934 var hann við störf við ýmsa spítala í Svíþjóð meðan hann vann að sérfræðingsleyfinu og var aðstoðarlæknir á handlækningardeild Landspítalans frá febrúar 1934 til október 1936 þangað til hann fékk sérfræðingaleyfið. 1936-1953 var hann sjúkrahúslæknir við Sjúkrahúsið á Akureyri og frá janúar 1954 til æviloka var hann yfirlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, handlækningadeild og fæðingadeild.

1949-1970 var Guðmundur formaður Skógræktarfélags Akureyrar. Hann var einn af stofnendum Rótarýklúbbs Akureyrar og var forseti félagsins í fjögur ár. Hann var formaður Rauða kross deildar Akureyrar frá 1937 og í stjórn Rauða kross Íslands frá 1938-1970 Hann var formaður Læknafélags Akureyrar 1931-1941 og 1950-1965. Hann var einn af stofnendum Flugfélags Akureyrar þegar þar var stofnað 1937 og var í stjórn þess 1937-1940. Auk alls þessa stundaði hann ýmsar tólmstundir að miklum móð m.a. fuglaskoðanir, fiskveiðar og skotveiðar.

Guðmundur var kvæntur Ingu Jónu Karlsdóttur f. 21. nóvember 1905 d. 29. júní 1999, hjúkrunarkonu og giftu þau sig 1937. Þau eignuðust saman fjórar dætur, fjölskyldan bjó á Eyrarlandsvegi 22.

Afhending þessi barst frá Brynjólfi Ingvarssyni og höfðu skjölin verið geymd í áraraðir hjá Læknafélagi Akureyrar. Er þetta fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

19. ágúst 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
A-Guðmundur Karl Pétursson				
A-Guðmundur Karl Pétursson		1902- 1970		
Guðmundur Karl Pétursson (1901-1970), yfirlæknir á			2020 / 32	
2020 -	A/1	1 1928- 1928	Teiknuð mynd af Guðmundi Karli Péturssyni á umslaginu stendur að hún sé eftir Gísla Halldórsson	Full dagsetning er 9.11.1928.
2020 -	A/1	2 1929- 1943	Bréf um að Guðmundur megi starfa sem sérfræðingur í handlækningum; bréf sem Guðmundur skrifar um leyfi til að starfa sem sérfræðingur í handlækningum; meðmælubríf þar sem mælt er með að Guðmundur hljóti styrk svo hann geti farið að læra erlendis; vottorð að Guðmundur hafi lokið vinnu á spítölum í Svíþjóð, sem hluti af því að geta orðið sérfræðingur í handlækningum; útskriftarskírteini frá HÍ; vottorð um að Guðmundur hafi lokið prófi í meðaltilbúningi.	
2020 -	A/1	3 1902- 1925	Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík; lokaeinkunnir við útskrift frá Menntaskólanum í Reykjavík; lokaeinkunnir við útskrift frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri; verkefni í enskum stíl við stúdentspróf; verkefni í dönskum stíl við stúdentspróf; bólusettingarvottorð; fæðingavottorð.	
2020 -	A/1	4 1954- 1967	Afrit af sögu skjúkrahússins á Akureyri, handskrifað af Guðmundi; teikningar af nýja hluta sjúkrahússins á Akureyri, þverskurður og 1.-3. hæð; móttökubréf fyrir sjóðsbók; móttökubréf fyrir peningagjöfum; yfirlit yfir byggingarkostnað sjúkrahússins til 1954.	Haldið í þeirri röð sem skjölin voru í í umslögunum.
2020 -	A/1	5 1956- 1969	Tækifærissæður; handrit af útvarpsþætti um Skógræktarfélag Eyfirðingina, skrifað af Guðmundi.	
2020 -	A/1	6 1943- 1969	Þrjú vegabréf og eitt ökuskírteini fyrir Guðmund.	
2020 -	A/1	7 1922- 1933	Stílabók fyrir latínu óárs; stílabók óárs; þrjár einkunnabækur úr Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 1-3 a. bekk árin 1922-23, 1923-24, 1924-25; stílabók í íslenskri þýðingu 1924-25; stílabók 1927-33; stílabók 1933.	Guðmundur virðist vera að glósa hluti tengda vinnunni í stílabækurnar.
2020 -	A/2	1 1934- 1967	Bréf til Guðmundar frá vinum og kollegum, eitt bréf frá Guðmundar til vinar síns.	
2020 -	A/2	1 -	Húsamyndir frá Akureyri og Reykjavík.	Önnur myndin af mönnum með hesta, snúa baki í myndavélina, hús í bakgrunni
2020 -	A/2	2 1946- 1970	Vísur sem fólk hefur skrifað um Guðmund og sent til hans; eitt boðskort til kvöldverðar í tilefni að komu norska krónprinsins; tvö jólakort með vísu.	
2020 -	A/2	3 -	Tvö handrit af leikritum, annað heitir „Á skurðstofunni." hitt „, Mantalið."	
2020 -	A/2	4 1934- 1934	Skýrsla um radíumlækningar.	
2020 -	A/2	5 1925- 1966	Eitt bréf frá aðalritara Rauða krossins til Guðmundar og tvær fundargerðir frá Rauða kross deild Akureyrar.	
2020 -	A/2	6 1930- 1935	Skjöl er varða skógrækt í Eyjafirði.	

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.	
2020 - A/2	7	1942- 1942	Blað með niðurstöðum rannsókna á sjúklingi á undan aðgerð; nýju boðorðin; söngvahefti frá Rótarýfundi; blað á latínu frá Menntaskólanum í Reykjavík; ritaðar glósur eða athugasemdir um vinnuna hjá Guðmundi; blað með nöfnum á tímum dagsins; tómir lyfseðlar; tómt bréfsefni frá Hótel Borg.	
2020 - A/2	8	-	Mynd af Eyrarlandsvegi 22.	
2020 - A/2	9	1938- 1938	Myndir af dansleik 1938.	
2020 - A/2	10	-	Myndir af hjúkrunarkonum á Landspítalanum og af Guðmundi Karli í læknasloppi.	óárs
2020 - A/2	11	-	Myndir af Guðmundi Karli í hópferð á bíl.	
2020 - A/2	12	1925-	Myndir af stúdentum, hópamyndir, allar með Guðmundi Karli.	Guðmundur Karl útskrifaðist úr MR 1925, myndirnar gætu verið frá heim tíma
2020 - A/2	13	-	Mynd frá heimsókn Noregskonungs (?)	
2020 - A/2	14	-	Myndir af íþróttamótum og íþróttaviðburðum.	
2020 - A/2	15	-	Mynd af Jóhanni Svarfdælingi með þremur skipstjórum.	
2020 - A/2	16	-	Hópmyndir og einstaklingsmyndir, virðast allar vera með Guðmundi Karli á.	
2020 - A/2	17	1929- 1929	Myndir frá glímufærð til Þýskalands.	